



Streymisveita HBO - Skilmálar

1. Efni og gildissvið

- 1.1 Þessir skilmálar („**skilmálar**“) gilda um kaup og/eða virkjun á aðgangi að streymisveitunni *HBO Max* („**þjónustan**“) í gegnum Símann hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig vísað til „**söluaðila**“ eða „**Símans**“). Sá sem óskar eftir kaupum og/eða virkjun á aðganginum telst „**viðskiptavinur**“ í skilningi skilmála þessara, en vísað er til viðskiptavinar og söluaðila sameiginlega sem „**aðila**“ í skilmálum þessum, eftir því sem við á.
- 1.2 Þjónustan sjálf er veitt af félaginu *HBO Nordic AB* (hér eftir „**HBO**“). Til þess að geta nýtt þjónustuna verður viðskiptavinur að gangast undir viðeigandi skilmála HBO („**notkunarskilmálar HBO Max**“) eins og þeir eru á hverjum tíma. Það er á ábyrgð viðskiptavinar að kynna sér notkunarskilmála *HBO Max* áður en viðskiptavinur hefur notkun á þjónustunni. Það samningssamband sem stofnast til milli HBO og viðskiptavinar er Símanum óviðkomandi.
- 1.3 Skilmálar þessir, ásamt eftir atvikum tilboði félagsins um þjónustuna, og gildandi verðskrá Símans, fela að jafnaði í sér heildarsamning milli Símans og viðskiptavinar um þjónustuna. Samningur telst kominn á milli Símans og viðskiptavinar þegar viðskiptavinur undirritar samning um virkjun og/eða kaup á aðgangi að þjónustunni í gegnum Símann, staðfestingu viðskiptavinar á tilboði Símans í þjónustuna innan gildistíma slíks tilboðs, hvort sem er með rafrænum eða öðrum hætti og/eða með virkjun aðgangs að þjónustunni í gegnum vef Símans. Þar sem ákvæðum skilmála þessara sleppir gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans*, eins og þeir eru á hverjum tíma, á www.siminn.is.

2. Aðgengi að streymisveitu HBO Max og virkjun aðgangs

- 2.1. Aðgengi að þjónustunni er háð skráningu hjá Símanum (annað hvort á vef Símans, með samþykki á rafrænu tilboði eða með öðrum hætti sem Síminn tilgreinir hverju sinni), samþykki þessara skilmála, samþykki notkunarskilmála *HBO Max* og að viðskiptavinur hafi hlaðið niður smáforriti *HBO Max* á það tæki sem hann kysir að nota til að nálgast þjónustuna. Nánari upplýsingar um þau stýrikerfi sem unnt er að

sækja smáforrit *HBO Max* á má nálgast á vef *HBO Max*.

- 2.2. Þjónustan er í boði fyrir einstaklinga með staðfestu á Íslandi. Þjónustan er einungis ætluð til heimilis- og einkanota viðskiptavinar.
- 2.3. Til þess að virkja aðgang að þjónustunni fer viðskiptavinur inn á vefsíðu Símans (www.siminn.is/hbo), eða aðra leið sem Síminn kann að bjóða upp á hverju sinni, þar sem þess er krafist að viðskiptavinur auðkenni sig með rafrænum skilríkjum og er hann beðinn um að samþykka skilmála þessa. Í kjölfarið er viðskiptavini beint inn á síðu HBO þar sem skráningarferlið er klárað og viðskiptavinur samþykkir notkunarskilmála *HBO Max*. Síminn kann að bjóða upp á aðrar eða breyttar aðferðir við virkjun aðgangs að þjónustunni án sérstakrar tilkynningar til viðskiptavina.
- 2.4. Með kaupum viðskiptavinar á tilteknum sjónvarpsáskriftarleiðum hjá Símanum kann aðgangur að þjónustunni að vera innifalinn. Sá aðgangur sem er innifalinn kann hins vegar að vera takmarkaður við tiltekið efni eða tilteknar áskriftarleiðir hjá HBO, og kann slíkt að breytast frá einum tíma til annars. Athuga skal að þrátt fyrir að þjónustan kunni að vera innifalinn í áskriftarleið viðskiptavinar verður viðskiptavinur að virkja aðgang að þjónustunni með sama hætti og greinir í gr. 2.3 í skilmálum þessum. Nálgast má upplýsingar um það að hvaða marki þjónustan er innifalinn í sjónvarpsáskriftarleiðum Símans í verðskrá Símans á hverju tíma sem aðgengileg er á www.siminn.is.
- 2.5. Hafi viðskiptavinur áður virkjað aðgang að þjónustunni hjá HBO, óháð áskriftarleiðum eða þjónustu Símans, ber hann sjálfur ábyrgð á að segja slíkri áskrift upp, áður en aðgangur að þjónustunni er virkjaður í gegnum Símann. Síminn ber þannig enga ábyrgð á því ef viðskiptavinur hefur ekki sagt upp slíkri áskrift, svo sem ef viðskiptavinur þarf að greiða HBO fyrir þjónustu sem er nú þegar innifalinn í áskriftarleið viðskiptavinar.

3. Verð, áskriftir og tilboð

- 3.1. Verð fyrir áskrift að þjónustunni eru að finna í verðskrá Símans, eins og hún er á hverjum tíma.
- 3.2. Verð fyrir þjónustuna eru mismunandi eftir þeim áskriftarleiðum sem viðskiptavinur velur auk þess



sem verð kunna að ráðast af þeirri áskriftarleið sem viðskiptavinur er með hjá Símanum hverju sinni.

- 3.3. Framboð myndefnis hjá HBO er jafnframt háð tegund þeirrar áskriftarleiðar sem viðskiptavinur er með en framboð áskriftarleiða er á ábyrgð og forræði HBO.

4. Greiðslur og vanskil

- 4.1. Síminn gjaldfærir viðskiptavin fyrir þjónustuna mánaðarlega, fyrir liðinn mánuð. Reikningar fyrir þjónustuna eru aðeins aðgengilegir í gegnum þjónustuvef Símans og hjá einstaklingum í Símaappinu. Gjöld vegna miðlunar reikninga er að finna í verðskrá Símans.
- 4.2. Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* um útgáfu reikninga, greiðslur og vanskil fyrir þjónustuna.

5. Réttur til að falla frá samningi

- 5.1. Viðskiptavinur sem er neytandi á rétt á því að falla frá fjarsölusamningi innan fjórtán (14) daga eftir að kaupin fara fram og fá fulla endurgreiðslu. Sá réttur á hins vegar ekki við ef viðskiptavinur byrjar að nota þjónustuna, innan fjórtán daga frá því að viðskiptavinur kaupin fóru fram. Með því að byrja að nota þjónustuna samþykkir og viðurkennir viðskiptavinur að hann muni missa rétt sinn til að falla frá samningi.
- 5.2. Unnt er að falla frá samningi með því að hafa samband við þjónustuver Símans, gegnum Netspjall á www.siminn.is eða á sjálfsafgreiðsluvef Símans.
- 5.3. Athygli er vakin á því að rétturinn til að falla frá samningi samkvæmt skilmálum þessum gildir eingöngu um samningssamband Símans og viðskiptavinar. Um samningssamband viðskiptavinar og HBO, óháð áskriftarleiðum og þjónustu Símans, og rétt viðskiptavinar til að falla frá þeim samningi gilda notkunarskilmálar *HBO Max*.

6. Gildistími, uppsögn og áhrif uppsagnar

- 6.1. Samningur Símans og viðskiptavinar samkvæmt skilmálum þessum er ótímabundinn. Báðum aðilum er heimilt að segja þjónustunni upp með eins mánaðar fyrirvara.
- 6.2. Uppsögn þjónustunnar skal berast með sannanlegum hætti fyrir mánaðamót og tekur

gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að uppsögn berst.

- 6.3. Við uppsögn á samningi þessum fellur samningssamband HBO og viðskiptavinar um þjónustuna jafnframt sjálfkrafa niður.
- 6.4. Símanum er heimilt að synja, takmarka (tímabundið eða varanlega), eða segja upp þjónustu viðskiptavinar fyrirvaralaust og eftir atvikum rifta um leið samningi þessum ef að:
 - 6.4.1. Viðskiptavinur vanefnir samning við Símann verulega;
 - 6.4.2. HBO lokar, takmarkar, segir upp eða riftir samningi sínum við viðskiptavin sama af hvaða ástæðu sem er; eða
 - 6.4.3. Síminn missir rétt sinn til að selja aðgang að þjónustunni eða forsendur Símans til að veita þjónustuna hér á landi breytast.
- 6.5. Við samningslok af hvaða ástæðu sem er skulu öll réttindi sem viðskiptavini hafa verið veitt samkvæmt samningi aðila þegar falla niður og allar ógreiddar kröfu skulu þegar falla í gjalddaga.
- 6.6. Að öðru leyti fer um uppsögn og riftun samkvæmt ákvæðum *Almennra viðskiptaskilmála Símans*.

7. Höfunda- og hugverkaréttur

Allt myndefni sem boðið er upp á í tengslum við þjónstuna tilheyrir HBO eða leyfisveitendum HBO og fer um hugverkarétt og notkun þess samkvæmt ákvæðum notkunarskilmála *HBO Max*.

8. Vinnsla persónuupplýsinga

- 8.1. Í tengslum við þjónustuna kann Símanum að vera nauðsynlegt að vinna með upplýsingar tengdar viðskiptavini sem teljast til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**”), s.s. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og reikningsupplýsingar í því skyni að geta gefið út reikning til viðskiptavinar og átt samskipti við hann. Þá kann Símanum að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar um notendur þjónustunnar í þágu aðgangsstýringa og auðkenningar, svo sem nafn og símanúmer. Til viðbótar vinnur Síminn með ákveðið viðskiptamannanúmer (e. token) sem segir til um áskriftarstöðu viðkomandi hjá Símanum. Kemur Síminn fram sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga í tengslum við framangreinda vinnslu. Viðskiptamannanúmerinu, sem inniheldur eingöngu upplýsingar



um áskriftarstöðu viðkomandi viðskiptavinar hjá Símanum, er miðlað til HBO í því skyni að geta virkjað aðgang viðskiptavinar að þjónustunni og er því nauðsynleg til að geta veitt viðskiptavini þjónustuna í samræmi við samning aðila. Öðrum persónuupplýsingum er ekki miðlað til HBO. Um vinnslu Símans á persónuupplýsingum sem ábyrgðaraðili er að öðru leyti fjallað í *Persónuverndarstefnu Símans*, sem aðgengileg er á www.siminn.is.

- 8.2. HBO kemur fram sem sjálfstæður ábyrgðaraðili varðandi þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá HBO í tengslum við veitingu þjónustunnar en um þá vinnslu gilda viðeigandi skilmálar HBO.

9. Takmörkun ábyrgðar

- 9.1. HBO ber alla ábyrgð á veitingu þjónustunnar til viðskiptavinar sem og á gæðum, virkni og öryggi þjónustunnar og smáforrits *HBO Max* og því myndefni sem í boði er hverju sinni. Undanskilur Síminn sig alfarið ábyrgð á slíku.
- 9.2. Allar fyrirsurnir eða beiðnir viðskiptavinar vegna tæknilegra vandamála í tengslum við þjónustuna skal beint til HBO í samræmi við notkunarskilmála *HBO Max*. Síminn veitir aðeins aðstoð í tengslum við virkjun aðgangs að þjónustunni í gegnum þær leiðir sem Síminn býður upp á hverju sinni.
- 9.3. Síminn undanskilur sig ábyrgð vegna alls tjóns, bæði beins og beins, sem gæti verið afleiðing af notkun þjónustunnar, eða ef ekki er hægt að nota hana af einhverjum ástæðum, og ber ekki ábyrgð á því að þjónustan eða smáforrit *HBO Max* virki í öllum tækjum eða búnaði.

- 9.4. Síminn getur ekki tryggt að þjónustan verði ávallt í boði fyrir viðskiptavini. Síminn undanskilur sig ábyrgð á hvers kyns breytingum sem kunna verða á aðgengi og/eða áskriftarleiðum þjónustunnar hér á landi og öðrum atvikum sem rekja má til HBO.

- 9.5. Komi til þess að bótaskylda á hendur Símanum skapist gagnvart viðskiptavini á grundvelli skilmála þessara, gilda að öðru leyti þær ábyrgðartakmarkanir sem koma fram í *Almennum viðskiptaskilmálum Símans* til viðbótar við það sem fram kemur hér.

10. Lögsaga

- 10.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög.
- 10.2. Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd eða túlkun þeirra skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. Gildistími og skilmálabreytingar

- 11.1. Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og tóku gildi þann 1. september 2025 og gilda þar til nýir skilmálar taka gildi.
- 11.2. Síminn áskilur sér rétt til að breyta skilmálunum og verðskrár sinni, en hvers kyns breytingar skulu tilkynntar viðskiptavini með a.m.k. 30 daga fyrirvara með skilaboðum á reikningi og/eða almennti tilkynningu á vefsvæði Símans. Einstaklingum er heimilt að segja upp þjónustunni fyrirvaralaust og án greiðslu skaðabóta, þegar Síminn tilkynnir um fyrirhugaða breytingu á verðskrá.